

# Fundargerð -aðalfundur ÞSV

Ársfundur Þekkingarseturs Vestmannaeyja ses. var haldinn þriðjudaginn 23. apríl 2024 kl.14,00 í fundarsalnum Heimakletti í húsnæði ÞSV að Ægisgötu 2, Vestm. Til fundarins var boðað með tölvupósti með rúmlega tveggja vikna fyrirvara og með ítrekun í tölvupósti til stofnaðila og gesta. Fundurinn var einnig í fjarfundarformi. Mættir voru fulltrúar frá átta stofnaðilum og frá tveimur á fjarfundi, auk stjórnar, starfsfólks ÞSV og gesta. Nokkrar sameiningar í hópi stofnaðila hafa átt sér stað á liðnum árum, en stofnaðilar ÞSV voru 36 í janúar 2008.

Stjórnarformaður, Tryggvi Hjaltason setti fundinn, fór yfir dagskrá fundarins og bauð fundarmenn velkomna. Lagði hann til að Lilja Björg Arngrímsdóttir yrði kjörinn fundarstjóri og að Agnes Einarsdóttir tæki að sér fundarritun og var það samþykkt. Að því loknu tók fundarstjóri við fundinum, þakkaði traustið fyrir sína hönd og fundarritara.

Áður en gengið var til dagskrár minntist fundarstjóri eins fyrrverandi stjórnarmanns ÞSV. Rögnvaldur Ólafsson, eðlisfræðingur og frumkvöðull, síðar forstöðumaður Fræðasetra Háskóla Íslands átti sæti í stjórn Þekkingarseturs Vestmannaeyja frá stofnun til ársfundar 2014. Rögnvaldur var fæddur 10.des. 1943 og lést 1.mars sl. áttatíu ára að aldri. Fundarmenn minntust Rögnvaldar með því að rísa úr sætum.

Því næst lýsti fundarstjóri aðalfundinn löglegan og að boðað hafi verið til hans með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara eins og samþykktir ÞSV kveða á um. Síðan var gengið til dagskrár.

## 1. Ræða stjórnarformanns, Tryggva Hjaltasonar.

Tryggvi talaði um að það væri ekki auðvelt að feta í fótspor Arnars Sigurmundssonar fyrrum stjórnarformanns, núverandi stjórnarmanns, og þakkaði honum fyrir góð og mikilvæg störf fyrir ÞSV. Einnig væri ómetanlegt að hafa Arnar áfram í stjórn. Fundarmenn tóku undir með lófaklappi. Stjórnarformaður rakti starfsemi ÞSV frá upphafi. Það var stofnað 2008 en hann sagði það eiga rætur aftur til 1995 þegar Vestmannaeyjabær, Háskóli Íslands og Sjávarútvegsráðuneytið réðust í samstarfsverkefni. Þekkingarsetur Vestmannaeyja hefur góðan orðstýr á landsvísu og horft er til þess af öðrum Setrum á Íslandi. Reksturinn er í góðum höndum, verkefnum fjölgar og eru í vaxandi mæli nýsköpunardrífni. Þá fjölgar þeim styrkjum sem Eyjamenn fá til frumkvöðlaverkefna og rannsókna og má að hluta til þakka Herði Baldvinssyni fyrir stuðning og vönduð vinnubrögð. Þessu til viðbótar sagði stjórnarformaður Þekkingarsetur Vestm. mannað framúrskarandi stjórn sem hefur mikla og víða þekkingu inn í nær öll lykil ríkiskerfi, menntastofnanir, anga atvinnulífsins, grunnstoðir Vestmannaeyja og margvíslegar rannsóknir á Íslandi. Stjórnavöld á Íslandi hafa undanfarin ár stóraukið stuðning til nýsköpunar. Á þessu ári og því síðasta hefur ÞSV átt spennandi samtöl við nýsköpunarráðuneytið um framtíð þekkingarsetra og væntir Tryggvi ávaxta úr þeim samtölum seinna á þessu ári. Hann sagði þekkingarsetur virka best þegar unnið er náið með atvinnuvegum hvers svæðis og hægt er að tengja saman fólk, fjármagn, hugmyndir og frumkvöðla til sóknar innan svæðisins. Síðan fór stjórnaformaður yfir glærur, framtíðarsýn og hlutverk ÞSV. Að lokum sagði Tryggvi: „Ég trúi því að með aukinni tengslamyndun, sköpun og markaðssetningu munum við sjá fram á margvísleg ný og spennandi tækifæri í Vestmannaeyjum á næstu árum þar sem mengi okkar Eyjamanna til að geta valið úr fjölbreyttum störfum og verðmætamyndandi verkefnum muni stækka. Takk fyrir samstarfið, takk fyrir mig. Fyrir Vestmannaeyjar.....Upp og áfram.“

## 2. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra um starfsemi ÞSV.

**Hörður Baldvinsson framkvæmdastjóri flutti skýrslu stjórnar ÞSV um starfsemi og helstu verkefni félagsins á starfsárinu.** Fram kom í máli hans að afkoma ÞSV væri betri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun 2023. Ein breyting varð á starfsmannahaldi á síðasta ári, Erlendur Ágúst Stefánsson var ráðinn í feb.2023, 50% starf á móti Matís, en hann ákvað að fara í nám og hætti í júlí. Enginn hefur verið ráðinn í hans stað. Hörður fór yfir **helstu verkefni ÞSV. Hefðbundin starfsemi** sem tengist framleiðu og þjónustu við leigutaka að Ægisgötu 2, Vestm. **Bátar.** ÞSV á og rekur 3 báta. Þeir verða allir í útleigu í sumar. Ekki eru næg verkefni fyrir Friðrik Jesson. **SASS,** vinna við Uppbyggingasjóð Suðurlands ofl. **Rauðátuverkefni.** Mikil vinna hefur farið í það sl.ár og hefur Jónas Viðarsson hjá Matís lagt sitt af mörkum án þess að fá greitt fyrir ennpá. Farið verður í tvo rannsóknarleiðangra á Bjarna Sæmundssyni, sem leigður er af Hafró, í lok maí. Að loknum tilraunaveiðum og rannsóknum á þessu ári verður tekin ákvörðun um hvað gert verður við félagið Rauðátan ehf. sem stofnað var vegna þessa rannsókna. **Fab-Lab** hefur gengið vel og er í miklu samstarfi og stórum verkefnum við innlenda og erlenda aðila. Aðsókn að Fab-Labinu hefur aukist og hafa gestir ekki verið jafn margir síðan 2013. Óvíst er enn með fjárframlög frá ríkinu fyrir árið 2024 og skapar það óvissu í rekstrinum. **Önnur verkefni:** Haffræðistofnun Bretlands ætlar að setja saman tvo djúpsjávarkafbáta í húsnæði ÞSV í júní 2024. Verkefni sem slík koma til Eyja m.a. vegna rannsóknarbáta og góðrar aðstöðu og þjónustu sem ÞSV hefur upp á að bjóða. ÞSV og Viska buðu upp á starfakynningu í nóv.sl. sem heppnaðist með ágætum. Að endingu þakkaði Hörður stjórn og framkvæmdaráði fyrir gott samstarf og þá ekki síst starfsfólki ÞSV og samstarfsfólki í öðrum fyrirtækjum og stofnunum að Ægisgötu 2.

**Hægt er að finna skýrslu stjórnar, ræðu formanns og skýrslu Fab-Lab á setur.is.**

## 3. Ársreikningur ÞSV 2023.

Vigdís Sigurðardóttir hjá Deloitte fór yfir ársreikning ÞSV 2023. **Rekstrartekjur námu 136,8** millj.kr á móti 144 millj kr. 2022. Fjármagnstekjur 4,5 millj. (1,7 mkr. 2022). Heildartekjur 141,3 millj.kr. **Rekstrargjöld voru 126,2** millj.kr. á móti 128,6 millj.kr. 2022 og afskriftir 3 millj.kr. Heildargjöld 129,4 millj.kr. Niðurstaða 2023, **hagnaður 11,9 millj.kr.** (13 mkr.2022) Niðurstaða efnahagsreiknings 31.des. 2023 var 114.2 millj.kr. Þar af **eigið fé 94,4 millj kr.** Að lokinni yfirferð ársreiknings hjá Vigdísi var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning ÞSV 2023. Í ársreikningi er gert ráð fyrir að hagnaður ársins verði fluttur til næsta árs. Að því loknu var ársreikningur ÞSV 2023 boðinn undir atkvæði fundarins og samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

## 4. Kosning stjórnar og endurskoðanda.

**Ein breyting er á stjórn ÞSV** frá ársfundi 2022, Tryggvi Hjaltason tók að sér stjórnarformennsku í stað Arnars Sigurmundssonar. Allir stjórnarmenn gáfu kost á sér áfram. Því næst var tillaga að stjórn ÞSV 2024-2025 borin upp og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Í stjórn voru endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum,**

*Arnar Sigurmundsson, fyrrv.framkv.stjóri*

*Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor á umhverfis- og auðlindasviði Háskóla Íslands*

*Ívar Atlason, svæðisstjóri HS- veitna*

*Páll Guðmundsson, framkv.stjóri og fjárfestir*

*Sæunn Stefánsdóttir, forstöðum. Fræðasetra Háskóla Íslands*

*Tryggvi Hjaltason, sérfræðingur hjá CCP og form. Hugverkaráðs*

*Þorsteinn Sigurðsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar*

**Í varastjórn voru endurkjörin með öllum greiddum atkvæðum,**

*Guðný Óskarsdóttir, varaformaður Drífanda Stéttafélags.*

*Örvar Guðni Arnarson, framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar Ísfélags hf.*

**Endurskoðendur:**

Deloitte ehf. var endurkjörið sem endurskoðandi ÞSV.

## **5. Þóknun til stjórnar og endurskoðanda**

Tillaga var gerð um hækkun þóknunar til stjórnarmanna. Aðalmenn, þóknun 284.000 kr. á mann fyrir liðið starfsár. Stjórnarformaður fær tvöfalda þóknun og varaformaður 50% álag. Varamenn fá 20.650 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund.

**Skýringar með tillögunni.**

Haldnir voru fjórir stjórnarfundir frá ársfundi ÞSV 12. maí 2023. Á milli stjórnarfunda eru regluleg samskipti í gangi er varða starfsemi ÞSV. Lögð er til 3,25% hækkun stjórnarlauna eins og almennir kjarasamningar segja til um. Ekki er greitt fyrir setu í framkvæmdaráði ÞSV sem í eiga sæti formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri ÞSV .

Tillaga um þóknun til stjórnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

**Þóknun til Deloitte endurskoðanda ÞSV verði skv. reikningi.**

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

## **6. Tillögur til breytinga á samþykktum ÞSV.**

Engar tillögur um breytingar á samþykktum ÞSV lágu fyrir fundinum. Breytingar voru síðast gerðar á samþykktum ÞSV á ársfundi 29. maí 2020.

## **7. Rekstraráætlun ÞSV 2024.**

Hörður Baldvinsson gerði grein fyrir lykiltölum í rekstraráætlun ÞSV 2024, tekjum og útgjöldum sem stjórn, samþykkti á fundi sínum 16. janúar sl. Rekstrartekjur eru áætlaðar 133,2 millj.kr og útgjöld 131,9 millj. kr. auk afskrifta ársins 4 millj. kr. Eins og áður hefur komið fram ríkir óvissa um samning við ríkið um rekstur Fab-Lab næstu árin. Vestmannaeyjabær leggur til húsnæði fyrir FabLab endurgjaldslaust. Rekstraráætlun ÞSV 2024 var til kynningar á fundinum.

## 8. Önnur mál.

Íris Róbertsdóttir bæjarstjóri bað um orðið. Hún ræddi málefni FabLab en Vestmannaeyjabær leggur til og rekur húsnæði þess á 3.hæð að Ægisgötu 2. Sagðist Íris hafa áhyggjur af samningum við ríkið en gerði engu að síður ráð fyrir því að framlag til FabLab fyrir árið 2024 yrði óbreytt frá fyrra ári, 18 millj.kr. Pressa þarf á að fá 3ja ára samning. Málefni FabLab Ísland þarf líka að klára en Íris er bjartsýn á að við höldum því í Vestmannaeyjum. Einnig nefndi bæjarstjóri að Þekkingarsetur Vestmannaeyja væri mikilvægt í samfélaginu.

Í fundarlok þakkaði fundarstjóri fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fleira ekki bókað- fundi slitið kl.15:12.

Lilja Björg Arngrímsdóttir.

Agnes Einarsdóttir, fundarritari.